



GARÐAR INGVARSSON, hagfræðingur:

ORKUFREKUR IÐNAÐUR OG AUSTURLAND

Þegar fjalla skal um orkufrekan iðnað, er um vítt svið og margbreytilegt að ræða, og mér er gefið nánast sjálfðæmi um það, hvar ég ber niður innan þess tíma, sem ég hef til umræða á fundinum. Víst eru freistingarnar margar, og gaman væri að nota tækifærið hér og leggja orð í belg um hinar ýmsu hliðar á uppbyggingu orkufreks iðnaðar á Íslandi, sem mikið hafa verið til umræðu og valdið hafa deilum og fjáðrafoki. Ég hef þó kosið að fara aðra leið. Þið munið ekki heyra neitt hjá mér um forgangsröðun virkjunarframkvæmda, né heldur æskilega stærð virkjana hér á Austurlandi, en vil þó minna á, að til þess að koma orkufrekum iðnaði á fót þarf reyndar fyrst að byggja orkuver. Ég ætla heldur ekki að leggja orð í belg um eignaraðild útlendinga að orkufrekum iðjuverum eða hvort þar í felist ógnun við efnahagslegt sjálfstæði okkar Íslendinga, en um ógnun við náttúru landsins og kannski líka fólk hefi ég eitthvað að segja síðar í erindinu. Það, sem ég hyggst ræða um hér á eftir að loknum nokkrum almennum orðum um stöðu orkufreks iðnaðar nú og hugsanlega hlutdeild í atvinnuþróun í framtíðinni, er staðarval iðnaðar. Hverjir eru helztu staðarvalsráðar, hvers vegna byggjast iðnfyrirtækin, og í þessu tilviki orkufrekur iðnaður, upp, þar sem þau byggjast upp. Fyrst mun ég ræða almennt um staðarval iðnaðar, síðan um það, sem sérstaklega ber að gæta að í sambandi við staðarval orkufreks iðnaðar, en að því loknu langar mig til að gera tilraun, því þetta verður aldrei nema tilraun, til að meta sérstöðu

Austfjarða með tilliti til staðsetningar orkufreks iðnaðar. Þar með verð ég vonandi búinn að tengja saman orkufrekan iðnað og Austfirði á almennan hátt, þannig að fundarmenn verði nokkru fróðari en áður um hugsanleg sambúðaráhrif, jákvæð og neikvæð. Að loknum þessum inngangi er rétt að koma nú að stöðu orkufreks iðnaðar í þjóðarþúinu.

Reynslan af orkufrekum iðnaði

Eftir nokkurt hlé hafa umræður um framtíðarþróun orkufreks iðnaðar hér á landi og mótun stefnu á þessu sviði hafizt að nýju. Þessar umræður eru með öðrum hætti heldur en áður var, þegar átökin um uppbyggingu járnblendiverksmiðjunnar stóðu sem hæst, en þá var oft að mínu mati varpað fram fullyrðingum í hita umræðunnar meira af kappi en forsjá. Sú umræða, sem fram hefur farið nú síðustu mánuði, hefur verið á annan veg. Menn skiptast á skoðunum og vega og meta nær æsingalaust að því er virðist það efni, sem fram er lagt. Aðstæður hafa líka breytt nokkuð á þessum árum. Komin er rúmlega 10 ára reynsla á starfsemi þess umdeilda fyrirtækis Álversins í Straumsvík, og fleiri fyrirtæki í orkufrekum iðnaði hafa bætt við, þannig að nú hafa nálægt 1000 manns sitt lífsviðurværi af þessari starfsemi. Ekki verður annað séð en að starfsemi þessara fyrirtækja hafi fallið með eðlilegum hætti



Forráðamenn orkumála landsins kynna sér kjarna úr borholu á stöðvarhússtæði, talið frá vinstri Kristján Jónsson, Jóhannes Nordal, Tryggvi Sigurbjarnarson, verkfr., Hjörleifur Guttormsson, Jakob Björnsson og Ólafur Sigurðsson, eftirlitsverkfræðingur hjá Hönnun hf. Ljós. Oddur Sigurðsson.

inn í íslenskt atvinnulíf án sjáanlegra félagslegra vandamála. Fyrirtækin hafa sýnt sig að vera eftirsóttir vinnustaðir, bæði hvað snertir aðbúnað og launakjör, enda starfsmannaskipti hjá þeim óvenjulega fátið, þrátt fyrir nálægð við stærsta vinnu- markað landsins í Reykjavík. Áhrif á lífríkið, sem margir óttuðust að væru mjög skadleg, hafa reynzt minni en búizt var við, og tæknileg lausn á þeim vanda, sem þó hefur komið upp í Álverinu við Straumsvík, hefur fundizt. Reynslan af þessum fyrirtækjum bendir því ekki til annars en að iðnaður byggður á orku geti starfað hér á landi án sambúðarerfiðleika við aðra frumatvinnuvegi landsins.

Síðustu ár hafa einnig fært okkur heim sanninn um, — og um það hygg ég, að allir séu líka sammála

— að þeir tveir grunnatvinnuvegir, sem við höfum byggt okkar velgengi á fram að þessu, þ. e. a. s. sjávarútvegur og landbúnaður, geta ekki tekið við þeim aukna mannafla, sem kemur á vinnu- markað í framtíðinni. Báðir þessir atvinnuvegir eiga við a. m. k. tímabundinn vanda að etja um þessar mundir, og það er ljóst, að þar verður ekki um að ræða neina fjölgun atvinnutækifæra, sem verulega munar um. Þó að verulegur hluti hins aukna vinnuafis finni störf í ýmsum þjónustustörfum, þarf samt meira að koma til, og því beinast augu manna mjög að uppbyggingu iðnaðar, sem gegna verður þýðingarmiklu hlutverki í efnahagslífi landsins í framtíðinni.

Mikið hefur verið rætt og ritað um átak í uppbyggingu almenns iðnaðar hér á landi á næstu árum, og víst er, að þar þarf mikið að gerast, en er ekki einnig edlilegt, að átak okkar í iðnaðaruppbyggingu gerist með sama hætti og þegar við byggðum upp okkar landbúnað og sjávarútveg? Í þeirri uppbyggingu fléttuðum við saman innlend gæði lands og sjávar og erlenda tækniþekkingu, vélar og tæki. Í fallvötnum okkar og jarðhita eru fólgin mikil auðæfi, sem við getum nýtt okkur með hliðstæðum hætti sem grundvöll fyrir áframhaldandi sókn til bættra lífskjara og þá með uppbyggingu á orkufrekum iðnfyrirtækjum. Um þetta eru væntanlega allir sammála, og jafnframt að sú reynsla, sem Íslendingar þegar hafa öðlzt af orkufrekum iðnaði á Íslandi á undangengnum áratug, hafi stórbætt aðstöðu okkar, að því er varðar áframhaldandi þróun hans. Í stað þess að vera algerlega háðir erlendri tækniþekkingu getum við nú byggt í vaxandi mæli á innlendri kunnáttu, og við höfum einnig sívaxandi getu til þess bæði að meta og taka á okkur áhættu, sem fylgir aukinni þátttöku okkar sjálfra í þessum rekstri. Um það, með hvaða hætti og með hvaða hraða eða hvaða tegund orkufreks iðnaðar við eigum að leggja áherzlu á, eru skiptar skodanir nú, en persónulega tel ég, að þess geti ekki verið langt að bíða, þar til frekari skref verða stigin í þeirri þróun, sem þegar er hafin, og að ekki verði aftur snúið. Eins og ég sagði áður, ætla ég ekki að leggja orð í belg um þau atriði varðandi uppbyggingu orkufreks iðnaðar, sem deilum valda, og er nú rétt að snúa sér að því að ræða um það, hvað almennt ræður í staðarvali iðnaðar.